



UMHVERFISSTOFNUN



Friðlýsingar 2013

**Skýrsla Umhverfisstofnunar til umhverfis-
og auðlindaráðherra um vinnu við
friðlýsingar á árinu 2013**

September 2014

Efnisyfirlit

1. INNGANGUR	1—4
2. FRIDLÝSINGAR SEM ER LOKIÐ	2—5
2.1.1. Fólkvangurinn Teigarhorn	2—5
2.1.2. Náttúruvættið Álafoss	2—5
2.1.3. Náttúruvættið Tungufoss	2—6
2.2. Endurskoðaðar friðlýsingar	2—6
2.2.1. Friðlýsing geislasteina í landi Teigarhorns.....	2—7
3. FRIDLÝSINGAR Á GRUNDEVILLI RAMMAÁÆTLUNAR	3—8
3.1. Arnardalsvirkjun, Helmingsvirkjun og Djúpárvirkjun	3—8
3.2. Hólmsárviðvirkjun við Einhyrning með miðlun.....	3—8
3.3. Markarfljótsvirkjanir A og B	3—9
3.4. Tungnaárlón	3—9
3.5. Bjallavirkjun	3—10
3.6. Norðlingaölduveita 566-567,5 m.y.s.	3—10
3.7. Gýgjarfossvirkjun	3—11
3.8. Bláfellsvirkjun	3—11
3.9. Brennisteinsfjöll	3—12
3.10. Grændalur og Bitra.....	3—12
3.11. Geysir3—13	
3.12. Hverabotn, Neðri-Hveradalir, Kisubotnar og Þverfell.....	3—13
3.13. Gjástykki.....	3—13
4. FRIDLÝSINGAR Á GRUNDEVILLI NÁTTÚRUVERNDARÁÆTLUNAR	4—15
4.1. Friðlýsingar í vinnslu	4—15
4.1.1. Látrabjarg	4—15
4.1.2. Þjórsárver	4—16
4.1.3. Skerjafjörður	4—16
4.1.4. Egilsstaðaskógur.....	4—16
4.2. Friðlýsingar í bið	4—18
5. AÐRAR FRIDLÝSINGAR Í VINNSLU	5—19
5.1. Fugla- og votlendisfriðland á Brunasandi.....	5—19
5.2. Glerárdalur	5—19
5.3. Fuglafriðland í Flóa	5—20
5.4. Hólar í Öxnadal	5—20
5.5. Fólkvangur að Bringum, Mosfellsbæ	5—20
5.6. Búrfell, Búrfellsgjá og eystri hluti Selgjár í Garðabæ.....	5—21
5.7. Garðahraun, Vífilsstaðahraun og Maríuhellar í Garðabæ.	5—21
6. LOKAORÐ	6—22

1. Inngangur

Umhverfisstofnun annast undirbúning friðlýsinga í samræmi við lög nr. 44/1999 um náttúruvernd. Gert er ráð fyrir að stofnunin gefi umhverfis- og auðlindaráðherra yfirlit yfir vinnu við friðlýsingar og er hér yfirlit yfir þá vinnu á árinu 2013.

Skýrslan skiptist í fjóra kafla, friðlýsingar sem lokið var á árinu, friðlýsingar á grundvelli rammaáætlunar, friðlýsingar svæða á náttúruverndaráætlun og aðrar friðlýsingar.

Á árinu 2013 voru undirritaðar fjórar friðlýsingar, þrjú ný svæði voru friðlýst og ein friðlýsing var endurskoðuð.

Á undanförunum árum hefur Umhverfisstofnun lagt áherslu á undirbúning friðlýsinga á grundvelli náttúruverndaráætlunar, auk þess sem unnið hefur verið að verkefnum sem berast stofnuninni með öðrum hætti, s.s. tillögur landeigenda eða sveitarfélaga að svæðum sem ástæða þykir að friðlýsa.

Árið 2013 var tímamótaár að því leyti að þann 14. janúar 2013 var samþykkt á Alþingi þingsályktun um áætlun um vernd og orkunýtingu landsvæða. Í þingsályktuninni eru 20 svæði flokkuð í verndarflokk og lagði Umhverfisstofnun áherslu á það á árinu að leggja grunn að því verkefni og vinna að friðlýsingu svæða í verndarflokki áætlunarinnar.

2. Friðlýsingar sem er lokið

Þrjár nýjar friðlýsingar voru undirritaðar á árinu 2013.

<i>Svæði sem friðlýst voru árið 2013</i>	<i>Tillaga að friðlýsingu</i>	<i>Staðfesting</i>
Teigarhorn	Djúpavogshreppur	15. apríl 2013
Álafoss	Mosfellsbær	25. apríl 2013
Tungufoss	Mosfellsbær	25. apríl 2013

2.1.1. Fólkvangurinn Teigarhorn

Þann 15. apríl 2013 var undirrituð friðlýsing fólkvangsins Teigarhorns í Djúpavogshreppi. Umhverfisstofnun vann að undirbúningi friðlýsingarinnar í samstarfi við umhverfis- og auðlindaráðuneyti. Friðlýsingin nær til jarðarinnar Teigarhorns við Berufjörð í Djúpavogshreppi sem er þekkt fyrir jarðmyndanir ásamt atvinnu- og menningarsögu. Á jörðinni er Weywadthús þar sem ljósmyndastofa Nicoline Weywadt var starfrækt. Hún var fyrst kvenna til að nema ljósmyndun á Íslandi. Innan marka fólkvangsins er náttúruvættið á Teigarhorni sem er friðlýst vegna geislasteina sem þar er að finna (sjá kafla 2.2.1.). Fólkvangurinn er 2010 hektarar.

Markmið friðlýsingarinnar er að tryggja útivistarsvæði þar sem gestum gefst tækifæri á að kynnst náttúru svæðisins og sögu jarðarinnar Teigarhorns.

<i>Fólkvangurinn Teigarhorn við Berufjörð í Djúpavogshreppi: Friðlýsingin í hnotskurn</i>	
Dagsetning friðlýsingar	15. apríl 2013
Tegund friðlýsingar	Fólkvangur
Verndarandlag	Tryggja útivistarsvæði og gefa gestum færi á að kynnst náttúru og sögu svæðisins.
Beiðni um friðlýsingu	Sveitarfélagið Djúpavogshreppur
Stærð svæðis	2010 hektarar
Landeigandi	Íslenska ríkið
Sveitarfélag	Sveitarfélagið Djúpavogshreppur

2.1.2. Náttúruvættið Álafoss

Þann 25. apríl 2013 var undirrituð friðlýsing náttúruvættisins Álafoss í Varmá í Mosfellsbæ. Sveitarfélagið Mosfellsbær óskaði eftir að unnið yrði að friðlýsingunni í tilefni af 25 ára afmæli sveitarfélagsins. Náttúruvættið er 1,4 hektarar að stærð og nær yfir fossinn, töluvert svæði fyrir ofan og neðan hann og skóglendi í Álanesi.

Álafoss er fallegur foss í Varmá þar sem hún liðast í gegnum Álafoskvos í Mosfellsbæ. Varmá er á náttúruminjaskrá frá upptökum til ósa en áin og fossinn tengjast atvinnu- og íþróttasögu Mosfellsbæjar. Árið 1896 hófst ullarvinnsla við Álafoss, og vegna þeirrar starfsemi var áin stífluð ofan við fossinn. Hylurinn sem myndaðist við stíflunina var notað til sundiðkunar og má enn sjá merki þess.

Markmið friðlýsingarinnar er að vernda fossinn sjálfan og nánasta umhverfi hans svo og menningarminjar sem tengjast sögu og þróun Mosfellsbæjar. Svæðið er fjölsótt og mikilvægt að treysta útivistar- og fræðslugildi þess.

Náttúruvættið Álafoss í Varmá í Mosfellsbæ: Friðlýsingin í hnotskurn

Dagsetning friðlýsingar	25. apríl 2013
Tegund friðlýsingar	Náttúruvætti
Verndarandlag	Verndun Álafoss og nánasta umhverfis ásamt menningarminjum sem tengjast sögu og þróun Mosfellsbæjar. Útivistar og fræðslugildi.
Beiðni um friðlýsingu	Sveitarfélagið Mosfellsbær
Stærð svæðis	1,4 hektarar
Landeigandi	Sveitarfélagið Mosfellsbær
Sveitarfélag	Sveitarfélagið Mosfellsbær

2.1.3. Náttúruvættið Tungufoss

Þann 25. apríl 2013 var undirrituð friðlýsing náttúruvættisins Tungufoss í Köldukvísl í Mosfellsbæ. Sveitarfélagið Mosfellsbær óskaði eftir að unnið yrði að friðlýsinguinni í tilefni af 25 ára afmæli sveitarfélagsins. Náttúruvættið er 1,4 hektarar að stærð.

Tungufoss er fallegur foss neðarlega í Köldukvísl í Mosfellsbæ. Við fossinn má sjá leifar af heimarafstöð sem reist var árið 1930. Hún framleiddi rafmagn fyrir bæinn Leirvogstungu allt til ársins 1958. Tveir hyljir eru fyrir neðan Tungufoss, Kerið og Klapparhylur. Nærsvæði fossins er vinsælt til útivistar.

Markmiðið með friðlýsingu Tungufoss er að vernda fossinn sjálfan og menningarminjar innan svæðisins. Svæðið hefur mikið útivistargildi og er fjölsótt. Því er mikilvægt að treysta útivistar og fræðslugildi þess.

Náttúruvættið Tungufoss í Köldukvísl í Mosfellsbæ: Friðlýsingin í hnotskurn

Dagsetning friðlýsingar	25. apríl 2013
Tegund friðlýsingar	Náttúruvætti
Verndarandlag	Verndun Tungufoss, nánasta umhverfis og menningarminja. Útivistar og fræðslugildi.
Beiðni um friðlýsingu	Sveitarfélagið Mosfellsbær
Stærð svæðis	1,4 hektarar
Landeigandi	Sveitarfélagið Mosfellsbær
Sveitarfélag	Sveitarfélagið Mosfellsbær

2.2. Endurskoðaðar friðlýsingar

Ein endurskoðuð friðlýsing var staðfest á árinu 2013. Jafnframt var unnið að endurskoðun á auglýsingu um friðland í Þjórsárverum. Þar sem hluti þess svæðis sem um ræðir hefur verið til umfjöllunar hjá verkefnisstjórn og starfshópum rammaáætlunar má finna umfjöllun um vinnu við endurskoðun á auglýsingu um friðland í Þjórsárverum í kafla 3.6.

2.2.1. Friðlýsing geislasteina í landi Teigarhorns

Á árinu 2013 var ákveðið að ráðast í endurskoðun á friðlýsingu náttúruvættisins Teigarhorns í Búlandshreppi í Suður-Múlasýslu sem var frá árinu 1975. Endurskoðuð friðlýsing geislasteina í landi Teigarhorns, Djúpavogshreppi, var undirrituð þann 15. apríl 2013. Umhverfisstofnun vann að undirbúningi friðlýsingarinnar í samstarfi við umhverfis- og auðlindaráðuneytið.

Teigarhorn er einn þekktasti fundarstaður geislasteina í heiminum og svæðið hefur mikið vísinda- og fræðslugildi. Svæðið er sérstaklega auðugt af geislasteinum og fjölbreytni er mikil. Þá dregur svæðið að sér mikinn fjölda ferðamanna.

Markmið friðlýsingarinnar er að varðveita og viðhalda náttúrulegu ástandi svæðisins, einkum m.t.t. þeirra jarðlaga sem eru rík af geislasteinum. Enn fremur er það markmið friðlýsingarinnar að tryggja möguleika á rannsóknum á jarðmyndunum á svæðinu, sérstaklega rannsóknum á geislasteinum. Svæðið er afar mikilvægt fyrir fræðslu og útivist, bæði vegna aðsóknar ferðamanna og nálægðar við þéttbýlið á Djúpavogi.

Náttúruvættið geislasteinar í landi Teigarhorns, Djúpavogshreppi: Friðlýsingin í hnotskurn

Dagsetning friðlýsingar	15. apríl 2013
Tegund friðlýsingar	Náttúruvætti
Verndarandlag	Varðveita og viðhalda náttúrulegu ástandi svæðisins, sérstaklega m.t.t. jarðlaga sem eru rík af geislasteinum. Fræðsla og útivist.
Beiðni um friðlýsingu	Sveitarfélagið Djúpavogshreppur
Stærð svæðis	200 hektarar
Landeigandi	Íslenska ríkið
Sveitarfélag	Sveitarfélagið Djúpavogshreppur

3. Friðlýsingar á grundvelli rammaáætlunar

Þann 14. janúar 2013 var samþykkt á Alþingi þingsályktun um vernd og orkunýtingu landsvæða. Umhverfisstofnun er falið það hlutverk skv. lögum nr. 48/2011, um verndar- og orkunýtingaráætlun, að undirbúa friðlýsingu þeirra tuttugu svæða sem flokkuð voru í verndarflokk í þingsályktuninni.

Umhverfisstofnun hóf í upphafi árs vinnu við að leggja grunn að undirbúningi friðlýsinga í kjölfar samþykktar þingsályktunartillögunnar. Þegar þingsályktunartillagan var endanlega samþykkt í janúar var auglýst eftir starfsmönnum í verkefnið. Undirbúningsvinna Umhverfisstofnunar fólst m.a. í að draga fram áherslur og sérstöðu verndarflokks rammaáætlunar, leiðbeiningum til starfsfólks, gerð verkferils og kynningarbréfa, öflun upplýsinga um framkvæmd eignarnáms, eignarhald o.s.frv. Í samráði við umhverfis- og auðlindaráðuneytið var ákveðið að leggja áherslu í upphafi á svæði innan Þjóðlendna. Haldinn var samráðsfundur með forsætisráðuneytinu í tengslum við þá áherslu og lagður grunnur að verklagi. Ennfremur voru haldnir nokkrir samráðsfundir með umhverfis- og auðlindaráðuneytinu ásamt Náttúrufræðistofnun Íslands þar sem fjallað var um afmörkun svæða.

Verkefni á grundvelli áætlunarinnar hafa nú verið sett í bið. Afstaða sveitarfélaga til friðlýsinga er mjög mismunandi eins og nánar verður fjallað um hér á eftir. Greina mátti heldur minni áhuga hjá samráðsaðilum í kjölfar þess að Orkustofnun birti auglýsingu vegna þriðja áfanga Rammaáætlunar þann 16. október 2013, þar sem fram kom m.a. að aðilar, sem hafa áhuga á að virkjunarkostir verði teknir til meðferðar hjá verkefnisstjórn sendi stofnuninni óskir þar um. Það eigi einnig við um þá kosti sem þegar hefur verið fjallað um, óháð því í hvaða flokk þeir voru settir við lok annars áfanga áætlunarinnar, að því undanskildu að komið hafi til friðlýsingar í samræmi við 50. gr. laga um náttúruvernd nr. 44/1999 og að ekki sé tiltekið í friðlýsingarskilmálum að virkjunarframkvæmdir séu heimilar.

3.1. Arnardalsvirkjun, Helmingsvirkjun og Djúpárvirkjun

Vegna nálægðar þessara þriggja virkjanakosta við Vatnajökulspjóðgarð óskaði Umhverfisstofnun eftir því við umhverfis- og auðlindaráðuneytið að kannað yrði með möguleika á að stækka Vatnajökulspjóðgarð þannig að umræddir virkjanakostir yrðu innan þjóðgarðsins.

3.2. Hólmsárvirkjun við Einhyrning með miðlun

Hólmsárvirkjun við Einhyrning, með miðlun, er virkjunarkostur sem flokkaður var í verndarflokk þingsályktunar Alþingis um áætlun um vernd og orkunýtingu landsvæða. Annar, en mjög skyldur kostur, Hólmsárvirkjun án miðlunar, var hins vegar flokkaður í biðflokk. Hvorki lög um verndar- og orkunýtingaráætlun né þingsályktunin gera grein fyrir því hver ytri mörk þeirra svæða sem friðlýsa skal skulu vera. Í tilviki Hólmsárvirkjunar er málið enn flóknara þar sem hluti framkvæmdar í verndarflokki er jafnframt í biðflokki.

Undirbúningur fyrir friðlýsingu hófst á fyrri hluta ársins 2013. Í viðræðum við sveitarstjórn Skaftárhrepps kom fram að ekki væri áhugi á því hjá sveitarfélaginu, að ráðist verði í framkvæmdir við Hólmsárvirkjun með miðlun. Sveitarfélagið frestaði þó ítrekað að skipa fulltrúa í vinnuhóp til að vinna að friðlýsingu svæðisins og tók síðan þá ákvörðun að fresta því að skipa fulltrúa í hópinn á grundvelli þess að Hólmsárvirkjun með miðlun væri að hluta til sama framkvæmd og Hólmsárvirkjun án miðlunar og bíða þess að niðurstaða þriðja áfanga rammaáætlunar liggi fyrir.

3.3. Markarfljótsvirkjanir A og B

Lónstæði Markarfljótsvirkjana A og B liggja milli Friðlands að Fjallabaki, Mýrdalsjökuls, Tindfjallajökuls og Markarfljótsgljúfurs.

Undirbúningur við friðlýsingu svæðisins hófst á fyrri hluta árs 2013 með kynningu og viðræðum við Rangárþing ytra og Rangárþing eystra. Til skoðunar voru bæði hugmyndir um sérstaka friðlýsingu og sú hugmynd, að stækka núverandi Friðland að Fjallabaki. Bæði sveitarfélögin skipuðu fulltrúa í vinnuhóp til að undirbúa friðlýsingu svæðisins. Á fyrsta fundi vinnuhópsins kom í ljós andstaða var við virkjanaf framkvæmdir á svæðinu, en jafnframt kom í ljós að andstaða var líka við friðlýsingu á svæðinu. Eftir fyrsta fund vinnuhópsins ákváð Rangárþing eystra að draga sig út úr viðræðum um friðlýsingu á svæðinu á þeim grundvelli að sveitarfélagið teldi ekki tímabært að vinna að friðlýsingu lands í sveitarfélaginu í samvinnu við Umhverfisstofnun. Aðalskipulag sveitarfélagsins 2012-2024 gerir ekki ráð fyrir aukinni friðlýsingu. Hins vegar er verður ekki litið svo á að landnýtingaráform sveitarfélagsins séu í andstöðu við friðlýsingaráform. Fram hefur komið hjá fulltrúum sveitarfélagsins gagnrýni á ástand Friðlands að Fjallabaki og hefur það mat áhrif á vilja þess sveitarfélags til að fjölga friðlýstum svæðum eða stækka þau innan marka sveitarfélagsins.

Umhverfisstofnun telur að þrátt fyrir að Rangárþing eystra hafi dregið sig út úr viðræðum um friðlýsingu að sinni geti opnast möguleiki á að taka málið upp aftur. Eins telur stofnunin að skoða mætti friðlýsingu þess svæðis sem er innan Rangárþings ytra til að byrja með. Með því gætu markmið laga nr. 48/2011 um verndar- og orkunýtingaráætlun náðst þar sem friðlýsing á hluta svæðisins kemur í veg fyrir orkuvinnslu á grundvelli þess virkjanakostar sem flokkaður var í verndarflokk.

3.4. Tungnaárlón

Fyrirhugað Tungnaárlón, sem flokkað var í verndarflokk rammaáætlunar, er á mörkum tveggja sveitarfélaga, Skaftárhrepps og Rangárþings ytra. Í lónstæðinu mætast tvö svæði á náttúruminjaskrá, nr. 707 Veiðivötn og nr. 760 Grænifjallgarður. Lónstæðið liggur einnig í nágrenni við Vatnajökulspjóðgarð og Friðland að Fjallabaki.

Umhverfisstofnun hóf undirbúning að friðlýsingu svæðisins um mitt ár 2013. Forsvarsmönnum sveitarfélaganna Skaftárhrepps og Rangárþings ytra var gerð grein fyrir því að til standi að boða til viðræðna um friðlýsingu á Tungnaárlónssvæðinu, en ekki hefur verið boðað til viðræðna með formlegum hætti. Rætt var við umhverfis- og auðlindaráðuneytið um það hvort heppilegt væri að fella svæðið undir Vatnajökulspjóðgarð en niðurstaðan varð sú að Umhverfisstofnun myndi vinna að friðlýsingu svæðisins.

3.5. Bjallavirkjun

Bjallavirkjun er einn af þeim fyrirhuguðu virkjanakostum sem flokkaðir voru í verndarflokk rammaáætlunar. Virkjanakosturinn er innan Rangárþings ytra. Lónstæði fyrirhugaðrar virkjunar er að mestu inn á svæði á náttúruminjaskrá nr. 707 Veiðivötn, auk þess sem hluti lónsins er innan Friðlands að Fjallabaki.

Umhverfisstofnun hóf undirbúning að friðlýsingu um mitt ár 2013. Þann 24. maí 2013 var sent kynningarbréf vegna fyrirhugaðrar friðlýsingar. Í kjölfarið var haldinn kynningarfundur með fulltrúum Rangárþings ytra og Rangárþings eystra sumarið 2013. Í kjölfar vinnufundarins var skipað í vinnuhóp og fundaði hópurinn fyrst þann 16. október 2013. Á fundinum kom fram óánægja hjá fulltrúum sveitarfélagsins vegna stjórnunar Umhverfisstofnunar á Friðlandi að Fjallabaki og skort á aðgerðum á svæðinu. Var þar vísað til stöðu svæðisins á rauðum lista stofnunarinnar. Sameiginlegur fundur vegna Bjallavirkjunar og Markarfljótsvirkjana var boðaður 16. desember 2013. Skipaður fulltrúi vegna Bjallavirkjunar var ekki viðstaddur. Fulltrúar sveitarfélagsins ákváðu að halda viðræðum um mögulega friðlýsingu áfram þrátt fyrir að þeir væru ekki sáttir við frekari friðlýsingar að Fjallabaki nema að ávinningur sveitarfélagsins af friðlýsingu væri ljós.

3.6. Norðlingaölduveita 566-567,5 m.y.s.

Samstarfsnefnd Umhverfisstofnunar og níu sveitarfélaga hefur unnið að undirbúningi að stækkun friðlandsins í Þjórsárverum síðan í janúar 2010 í samræmi við náttúruverndaráætlun 2009-2013. Árið 2012 ákvað nefndin að fresta því að leggja fram tillögu um stækkun friðlandsins þar til niðurstaða rammaáætlunar lægi fyrir. Þegar flokkun Norðlingaölduveitu í verndarflokk rammaáætlunar lá fyrir tók nefndin aftur til starfa og var tillögu nefndarinnar að stækkun friðlandsins í Þjórsárverum skilað til umhverfis- og auðlindaráðherra þann 8. apríl 2013. Í tillögu nefndarinnar var landsvæðið þar sem lónstæði vegna Norðlingaölduveitu var fyrirhugað innan friðlandsmarka en friðlýsingarskilmálar gerðu ekki ráð fyrir veitu á svæðinu.

Fyrirhugað var að undirrita nýja friðlýsingarskilmála fyrir Friðlandið Þjórsárver þann 21. júní 2013. Undirrituninni var frestað vegna athugasemda Landsvirkjunar varðandi þá málsmeðferð sem málið hefði fengið, og var þar vísað til þess að Landsvirkjun væri hagsmunaaðili á því svæði sem ætti að friðlýsa og að þurft hefði því að leita eftir samkomulagi við fyrirtækið. Í viðbrögðum Umhverfisstofnunar við athugasemdum Landsvirkjunar kom fram að Umhverfisstofnun taldi að undirbúningur og málsmeðferð stofnunarinnar hefði verið í samræmi við lög og góða stjórnsýsluhætti, sérstaklega í ljósi þess að Alþingi hefði, með samþykkt verndar- og orkunýtingaráætlunar þann 14. janúar 2013, tekið ákvörðun um að virkjunarkosturinn Norðlingaölduveita 566-567,5 m.y.s. yrði flokkaður í verndarflokk áætlunarinnar. Umhverfis- og auðlindaráðuneyti tók undir með Umhverfisstofnun, að ekki hefði þurft að leita samþykkis Landsvirkjunar fyrir friðlýsingarskilmálum.

Málefni stækkaðs friðlands í Þjórsárverum voru tekin til skoðunar í umhverfis- og auðlindaráðuneyti í samstarfi við Umhverfisstofnun og í desember 2013 komst ráðuneytið að þeirri niðurstöðu að rétt væri að breyta mörkum fyrirhugaðs friðlands í suðri auk þess sem lagt er til að mörkin verði færð þannig að Þjórsárveita verði utan hins friðlýsta svæðis. Ástæða breytingarinnar var sú að fram komu ábendingar um að afmörkunin á landsvæðinu gangi lengra en sem nemur þeim virkjanakosti sem flokkaður var í verndarflokk í öðrum

áfanga rammaáætlunar og útiloki þar með einnig aðra og hugsanlega framtíðarvirkjunarkosti sem eftir á að meta og flokka. Með þessum breytingum er reynt að koma til móts við þau sjónarmið sem fram hafa komið og á sama tíma tryggja friðun þess landsvæðis sem hefur hátt verndargildi og á að njóta friðunar skv. verndar- og orkunýtingaráætlun. Leitað var samþykkis Ásahrepps og Skeiða- og Gnúpverjahrepps fyrir breytingartillögunni með bréfi dags. 27. desember 2013, þar sem breytingin fellur innan skipulagsmarka sveitarfélaganna. Í bréfinu kom fram að fallist áður nefnd sveitarfélög á tillöguna yrði leitað samþykkis annarra sveitarfélaga er hafa skipulagsvald innan fyrirhugaðs friðlýsts svæðis. Í árslok 2013 hafði Umhverfisstofnun ekki borist afstaða sveitarfélaganna til breytingartillögunnar.

3.7. Gýgjarfossvirkjun

Virkjanakosturinn Gýgjarfossvirkjun, sem flokkaður var í verndarflokk rammaáætlunar er í Blágnýpuveri, milli Kerlingafjalla og Hofsjökuls. Lónstæði virkjanakostsins er á sveitarfélagsmörkum Bláskógabyggðar og Hrunamannahrepps.

Undibúningur vegna fyrirhugaðrar friðlýsingar hófst um mitt ár 2013. Þann 19. september 2013 var sent kynningarbréf til sveitarfélaganna tveggja og í kjölfarið var haldinn kynningarfundur með fulltrúum sveitarfélagsins Bláskógabyggðar þar sem einnig var kynnt fyrirhuguð friðlýsing í tengslum við virkjanakostinn Bláfellsvirkjun. Á þeim fundi kom fram sú ósk Bláskógabyggðar að unnið yrði sameiginlega að undirbúningi friðlýsinga allra virkjanakostanna á svæðinu, þ.e. Gýgjarfossvirkjunar, Bláfellsvirkjunar og fjögurra kosta á Kerlingarfjallasvæðinu, í samstarfi við Hrunamannahrepp og Skeiða- og Gnúpverjahrepp. Sú tillaga hafði einnig komið upp í samtölum við hin tvö sveitarfélögin og því varð niðurstaðan sú að þeir aðilar sem skipaðir höfðu verið í samstarfshópa vegna fyrirhugaðra friðlýsinga starfa nú saman í einum hópi sem vinnur að undirbúningi að friðlýsingu þeirra virkjanakosta sem eru á svæðinu.

Fyrsti fundur samstarfsnefndarnefndarinnar eftir að fulltrúi Bláskógabyggðar hafði verið skipaður var haldinn þann 22. nóvember 2013. Á þeim fundi var ákveðið að teikna upp þrjú möguleika á umfangi friðlýsinga á svæðinu, en fulltrúar í samstarfsnefndinni óskuðu eftir því að fá tækifæri til að bera kostina undir sínar sveitarstjórnir. Kostirnir fólu í sér að um þrjú möguleika væri að ræða. Í fyrsta lagi þrjú svæði; við Hvítárvatn og Hvítá (Bláfellsvirkjun), við Blágnýpuver (Gýgjarfossvirkjun) og í Kerlingarfjöllum (fjórir virkjanakostir). Annar kostur væri að friðlýst svæði yrðu tvö; Bláfellsvirkjun sér en Gýgjarfossvirkjun og kostirnir á Kerlingarfjallasvæðinu yrðu sameinaðir í eitt friðlýst svæði. Þriðji kosturinn var unnið yrði að friðlýsingu virkjanakostanna með friðlýsingu alls þess landsvæðis sem virkjanakostirnir ná yfir.

Niðurstöður sveitarfélaganna höfðu ekki borist Umhverfisstofnun fyrir lok árs 2013, en gert er ráð fyrir að áfram verði unnið að friðlýsingu þessara virkjanakosta árið 2014.

3.8. Bláfellsvirkjun

Virkjanakosturinn Bláfellsvirkjun er flokkaður í verndarflokk rammaáætlunar. Með Bláfellsvirkjun var gert ráð fyrir að Hvítá yrði stífluð og Hvítárvatn gert að miðlunarlóni. Fyrirhugaður virkjanakostur er innan sveitarfélagsmarka Bláskógabyggðar.

Kynningarbréf vegna fyrirhugaðrar friðlýsingar var sent sveitarfélaginu Bláskógabyggð þann 4. júlí 2013. Kynningarfundur var síðan haldinn þann 7. október 2013. Sveitarstjórn var jákvæð gagnvart því að vinna að undirbúningi friðlýsingar, en líkt og fram hefur komið í kafla 3.7. Gýgjarfossvirkjun, kom fram sú ósk Bláskógabyggðar að unnið verði að undirbúningi allra virkjanakostanna á svæðinu (Bláfellsvirkjunar, Gýgjarfossvirkjunar og fjögurra kostna á Kerlingarfjallasvæðinu) í samstarfi við Hrunamannahrepp og Skeiða- og Gnúpverjahrepp.

Fyrsti fundur samstarfsnefndarinnar, sem skipuð var fulltrúum sveitarfélaganna þriggja auk fulltrúa Umhverfisstofnunar, var haldinn þann 22. nóvember 2013. Á þeim fundi var ákveðið að leggja fram þrjár tillögur til að bera undir sveitarstjórnir (sjá nánari umfjöllun í kafla 3.7 Gýgjarfossvirkjun). Niðurstöður sveitarfélaganna höfðu ekki borist Umhverfisstofnun fyrir árslok 2013.

3.9. Brennisteinsfjöll

Virkjanakosturinn Brennisteinsfjöll er flokkaður í verndarflokk rammaáætlunar. Svæðið er innan tveggja svæða sem nú þegar hafa verið friðlýst, annars vegar Reykjanesfólkvangs og hins vegar friðlandsins í Herdísarvík. Í ljósi þess að virkjanakosturinn er staðsettur innan marka tveggja friðlýstra svæða var ákveðið að vinna að friðlýsingunni innan hvors svæðis fyrir sig, þ.e. annars vegar innan Reykjanesfólkvangs og hins vegar innan friðlandsins í Herdísarvík.

Kynningarbréf vegna fyrirhugaðrar friðlýsingar eða mögulegra breytinga á núverandi friðlýsingarskilmálum var sent til Grindavíkurbæjar, stjórnar Reykjanesfólkvangs, sveitarfélagsins Ölfuss og Háskóla Íslands.

Fulltrúar Umhverfisstofnunar áttu fund með formanni stjórnar Reykjanesfólkvangs þann 25. október 2013 þar sem fyrirhuguð friðlýsing á grundvelli rammaáætlunar var rædd. Á fundi með fulltrúa Grindavíkur þann 20. nóvember 2013 kom fram vilji til að taka þátt í viðræðum um friðlýsingu svæðisins. Umhverfis- og skipulagsnefnd Grindavíkur mun fjalla um fyrirhugaða friðlýsingu á fundi sínum í janúar 2014. Umhverfisstofnun hefur jafnframt óskað eftir því að Grindavíkurbær skipi fulltrúa í samstarfsnefnd til þess að vinna að undirbúningi friðlýsingarinnar en sú tilnefning hafði ekki borist fyrir lok árs 2013.

Hvað varðar þann hluta Brennisteinsfjalla sem er innan friðlandsins í Herdísarvík hefur Umhverfisstofnun unnið tillögu að breytingu á skilmálum friðlandsins. Ekki hefur þó gefist tækifæri til að bera breytingartillögurnar undir landeigendur og hagsmunaaðila.

3.10. Grændalur og Bitra

Bitra og Grændalur eru tveir virkjanakostir sem flokkaðir voru í verndarflokk rammaáætlunar. Áður er niðurstaða rammaáætlunar lá fyrir höfðu hafist viðræður milli fulltrúa Umhverfisstofnunar, umhverfis- og auðlindaráðuneytis og Landbúnaðarháskóla Íslands (umráðamaður lands) og sveitarfélagsins Ölfuss um mögulega friðlýsingu lands Landbúnaðarháskóla Íslands á Reykjum utan Gufudals og Reykjatorfunnar. Þegar niðurstaða rammaáætlunar lá fyrir breyttust nokkuð forsendur vegna fyrirhugaðrar friðlýsingar. Í maí 2013 var sent kynningarbréf til sveitarfélagsins Ölfuss og annarra landeiganda og hagsmunaaðila. Í kjölfar kynningarbréfsins var haldinn kynningarfundur með sveitarfélaginu Ölfusi þann 14. júní 2013. Ljóst þykir að svæðið sem fyrirhugað er að

friðlýsingin nái til er undir miklu álagi af völdum ferðamanna og aðgerða er þörf til að viðhalda og endurheimta verndargildi svæðisins. Á fundinum kom fram að ef verða á af friðlýsingu verður að fylgja henni fjármagn. Niðurstaða fundarins var sú að Umhverfisstofnun myndi óska eftir að sveitarfélagið tilnefndi fulltrúa í samstarfsnefnd um friðlýsingu svæðisins. Beiðni um tilnefningu í samstarfshópinn var send sveitarfélaginu Ölfusi þann 24. júní 2013. Ekki hefur enn borist tilnefning.

Þar sem Umhverfisstofnun hefur fengið munnlegar upplýsingar um að Orkuveita Reykjavíkur hafi áform um að senda inn tillögu að nýjum virkjunarkosti með skáborun var ákveðið að friðlýsing Grændals og Bitru yrði ekki sett í forgang.

3.11. Geysir

Geysir er flokkaður í verndarflokk rammaáætlunar. Umhverfisstofnun tók til skoðunar að hefja undirbúning að friðlýsingu svæðisins, en í ljósi niðurstaðna fyrri viðræðna um friðlýsingu og að enn er til skoðunar að ríkið kaupi landið var málið sett í bið.

3.12. Hverabotn, Neðri-Hveradalir, Kisubotnar og Þverfell

Hverabotn, Neðri-Hveradalir, Kisubotnar og Þverfell eru allt mögulegir virkjanakostir rammaáætlunar sem flokkaðir eru í verndarflokk. Allir þessir kostir eru á Kerlingarfjallasvæðinu.

Fyrsti kynningarfundur vegna mögulegrar friðlýsingar þessara kosta var haldinn með hreppsnefnd Hrunamannahrepps á Flúðum þann 6. júní 2013. Hreppsnefnd Hrunamannahrepps var jákvæð fyrir friðlýsingu og skipaði í kjölfarið fulltrúa í samstarfsnefnd vegna friðlýsingarinnar. Næsti kynningarfundur var haldinn með fulltrúum Skeiða- og Gnúpverjahrepps þann 21. júní 2013, en hluti svæðisins, Kisubotnar, eru í Skeiða- og Gnúpverjahrepp. Þar voru menn einnig jákvæðir fyrir friðlýsingu og var í kjölfarið skipaður fulltrúi Skeiða- og Gnúpverjahrepps í samstarfsnefnd. Fyrsti fundur samstarfsnefndarinnar var haldinn þann 7. október 2013. Í kjölfar þess fundar komu upp hugmyndir um samlegðaráhrif þess að vinna að friðlýsingu allra virkjanakosta í verndarflokki á Kjalarsvæðinu saman, þ.e. þeirra kosta sem eru á Kerlingarfjallasvæðinu, Gýgjarfossvirkjun og Bláfellsvirkjun. Í kjölfarið bættist fulltrúi Bláskógabyggðar við samstarfsnefndina.

Fyrsti fundur samstarfsnefndarinnar sem skipað var fulltrúum sveitarfélaganna þriggja auk fulltrúa Umhverfisstofnunar var haldinn þann 22. nóvember 2013. Á þeim fundi var ákveðið að leggja fram þrjár tillögur til að bera undir sveitarstjórnir (sjá nánari umfjöllun í kafla 3.7. Gýgjarfossvirkjun). Niðurstöður sveitarfélaganna höfðu ekki borist Umhverfisstofnun fyrir árslok 2013 en gert er ráð fyrir að unnið verði að friðlýsingu þessara virkjanakosta árið 2014.

3.13. Gjástykki

Gjástykki er hluti af eldstöðvakerfi Kröflu og hefur verndagildi þess verið metið hátt á heimsmælikvarða.



Árið 2012 hóf Umhverfisstofnun undirbúning að friðlýsingu Gjástykkis með viðræðum við landeigendur og sveitarstjórnir. Strax í upphafi kom fram mikil andstaða hjá þeim öllum og stofnuninni bárust formlegar bókanir frá öllum sveitarstjórnnum og Landeigendafélagi Reykjahlíðar um slit viðræðna.

Undirbúningur að friðlýsingu Gjástykkis á grundvelli 6. gr. laga nr. 48/2011 um verndar- og orkunýtingaráætlun hófst síðan á fyrri hluta árs 2013. Gerð var ítarlega könnun á eignarhaldi sem leiddi í ljós að um það bil þriðjungur háhitasvæðisins er í Skútustaðahreppi, þriðjungur í Þingeyjarsveit og þriðjungur í Norðurþingi. Í viðræðum við landeigendur og sveitarfélög ítrekuðu Landeigendafélag Reykjahlíðar, Skútustaðahreppur og Norðurþing fyrri afstöðu sína. Í samskiptum við Þingeyjarsveit kom hins vegar fram að vilji var til að halda fund með fulltrúum Umhverfisstofnunar.

Þrátt fyrir að Skútustaðahreppur, Norðurþing og Landeigendafélag Reykjahlíðar hafi dregið sig út úr viðræðum um friðlýsingum telur Umhverfisstofnun að friðlýsing afmarkaðs svæðis innan Gjástykkis sé ekki útilokuð, náist samkomulag um friðlýsingu þess svæðis sem er innan Þingeyjarsveitar.

4. Friðlýsingar á grundvelli náttúruverndaráætlunar

Umhverfisstofnun hefur á undanförunum árum unnið að friðlýsingu svæða á grundvelli náttúruverndaráætlunar. Af þeim fimmtán svæðum sem náttúruverndaráætlun 2004-2008 tekur til hafa þrjú svæði verið friðlýst. Það eru Guðlaugstungur, Vatnajökulsþjóðgarður og Vatnshornsskógur. Undirbúningur stofnunar Vatnajökulsþjóðgarðs var í höndum ráðuneytisins. Auk þess hefur Skerjafjarðarsvæðið verið friðlýst að hluta. Á náttúruverndaráætlun 2009-2013 voru tiltekin ellefu svæði auk tegundafriðlýsinga. Af þessum ellefu svæðum hafa þrjú verið friðlýst; Hálsar sem búsvæði tjarnarklukku, svæði í Skaftártungum og á Síðuafretti og Langisjór og nágrenni.

Á árinu 2013 vann Umhverfisstofnun að undirbúningi friðlýsinga fjögurra svæða á náttúruverndaráætlun; Látrabjargs, Þjórsárvera og Skerjafjarðar. Málefnum er varða friðlýsingu Egilsstaðaskógar var haldið á lofti að vissu marki. Hvað varðar tegundafriðlýsingar hafa mismunandi aðferðir við þá vinnu verið til umræðu milli Umhverfisstofnunar og umhverfis- og auðlindaráðuneytis.

4.1. Friðlýsingar í vinnslu

4.1.1. Látrabjarg

Undirbúningur fyrir stofnun þjóðgarðs á Látrabjargi var í fullum gangi á árinu. Áfram var unnið að gerð deiliskipulags fyrir svæðið, en Baark arkitektastofa hefur umsjón með því verkefni fyrir hönd sveitarfélagsins. Deiliskipulagslýsing var auglýst í byrjun árs 2013, en mikil vinna hefur verið lögð í gerð deiliskipulagsins enda eiga margir landeigendur hlut að máli. Samstarfshópur sveitafélagsins um deiliskipulagsgerðina, sem fulltrúar Umhverfisstofnunar eiga sæti í, fundaði reglulega, bæði í Vesturbyggð og í Reykjavík. Auk þess hefur sérfræðingur Látrastofu unnið náið með Baark þar sem væntanlegt deiliskipulag skipar stóran sess í verndar- og stjórnunaráætlun fyrir væntanlegan þjóðgarð. Í lok nóvember var haldinn kynningarfundur á deiliskipulagsdrögum í Reykjavík fyrir landeigendur sem búsettir eru þar og stefnt er á að halda kynningarfund í Vesturbyggð í janúar 2014. Deiliskipulag fer svo í framhaldinu í auglýsingu. Fornleifaskráning var gerð á svæðinu í sumar og skýrsla er væntanleg í byrjun árs 2014.

Sérfræðingar Umhverfisstofnunar hafa haldið áfram viðræðum við landeigendur um friðlýsingu svæðisins. Vinna við gerð verndar- og stjórnunaráætlunar fyrir væntanlegan þjóðgarð var formlega hafin með skipun fulltrúa í ráðgjafarnefnd. Auk fulltrúa Umhverfisstofnunar sem fer með formensku í nefndinni sitja í henni fulltrúar landeigenda, Vesturbyggðar og ferðamálasamtaka. Auk þess starfa tveir fulltrúar Umhverfisstofnunar með nefndinni. Flestir fulltrúar eiga sæti í deiliskipulagshópnum og hafa því komið að friðlýsingarvinnunni frá upphafi. Fyrsti fundur nefndarinnar var haldinn 14. október í Reykjavík og næsti fundur er áætlaður í febrúar næstkomandi. Vinnan hefur farið vel af stað og nefndarmenn eru sammála um að mikilvægt sé að verndar- og stjórnunaráætlun verði tilbúin sem fyrst vegna aukins ferðamannastraums á svæðinu. Samhliða verða drög

að friðlýsingarskilmálum tekin til umræðu. Stefnt er á að áætlunin verði tilbúin í janúar 2015 og í framhaldinu verði formlegar samningaviðræður við landeigendur um stofnun Látrabjargspjóðgarðs.

4.1.2. Þjórsárver

Á náttúruverndaráætlun 2009-2013 er lagt til að friðlandið í Þjórsárverum verði stækkað. Þar sem hluti þess svæðis sem um ræðir hefur verið til umfjöllunar hjá starfshópum og verkefnastjórn rammaáætlunar má finna umfjöllun um vinnu við endurskoðun friðlýsingarskilmála friðlandsins í Þjórsárverum í kafla 3.6.

4.1.3. Skerjafjörður

Skerjafjörður innan bæjarmarka Garðabæjar var friðlýstur sem búsvæði árið 2009. Annar áfangasigur náðist þegar Skerjafjörður innan marka Kópavogs var friðlýstur í upphafi ársins 2012. Það sama ár var unnið að mögulegri friðlýsingu Skerjafjarðar innan marka Álftaness og Seltjarnarness.

Vinnan við friðlýsingu Skerjafjarðar innan marka Álftaness tafðist vegna sameiningar Álftaness og Garðabæjar. Bæjarstjóri Álftaness hafði tekið að sér að draga upp eigendakort afsvæðinu sem stefnt var að að friðlýsa og samþykkt hafði verið í umhverfisnefnd þann 16. apríl 2012, en í aðdraganda kosninga lét þáverandi bæjarstjóri af störfum og nýr tók við. Ekki hefur verið unnið frekar í friðlýsingu Skerjafjarðar innan marka Álftaness á árinu 2013.

Árið 2012 var unnið að friðlýsingu Skerjafjarðar innan Seltjarnarness og haldinn kynningarfundur fyrir umhverfisnefnd sveitarfélagsins þann 4. apríl. Fundarmenn voru jákvæðir gagnvart friðlýsingu en á meirihlutafundi viku síðar var málið til umfjöllunar og varð niðurstaðan sú að friðlýsing Skerjafjarðar innan marka sveitarfélagsins væri ótímabær að svo stöddu. Málinu hefur verið haldið vakandi gagnvart sveitarfélaginu með því að spyrjast fyrir um breytta stöðu hjá formanni umhverfisnefndar sveitarfélagsins.

Hvað varðar friðlýsingu Skerjafjarðar innan marka Reykjavíkur lýstu borgaryfirvöld því yfir að þau væru ekki tilbúin að ræða mögulega friðlýsingu Skerjafjarðar fyrr en nýtt aðalskipulag yrði samþykkt. Í þeim drögum að aðalskipulagi sem auglýst voru var ekki gert ráð fyrir friðlýsingu Skerjafjarðar. Umhverfisstofnun sendi inn athugasemdir við aðalskipulagstillöguna þar sem kallað var eftir stefnumörkun varðandi friðlýsingu Skerjafjarðar. Í svörum Reykjavíkurborgar kemur fram að tekið er undir það að vinna þurfi þá stefnumörkun sem Umhverfisstofnun kallaði eftir og að mögulegt sé að taka slíka vinnu upp við heildarendurskoðun svæðisskipulagsins þar sem um ræðir svæði sem eru á mörkum sveitarfélaga. Í umhverfisskýrslu sem gefin er út í júlí 2013, en uppfærð í nóvember sama ár (<http://reykjavik.is/sites/default/files/adalskipulag/c1-umhverfisskyrsla.pdf>) er mörkuð sú stefna í skipulagi að í Skerjafirði verði staðsett smábátahöfn og þverun yfir í Kópavog, fimm ha landfylling. Taka þarf afstöðu til samræmingar þeirrar stefnu við friðlýsingu á svæðinu.

4.1.4. Egilsstaðaskógur

Á seinni hluta árs 2012 fundaði fulltrúi Umhverfisstofnunar með fulltrúum Fljótsdalshéraðs þar sem rætt var um mögulega friðlýsingu Egilsstaðaskógar, auk annarra svæða sem sveitarfélagið hafði áhuga á að vernda sérstaklega. Áhugi var fyrir því að hefja friðlýsingavinnu á friðlýsingu Selskógar, nyrsta hluta Egilsstaðaskógar. Sá hluti er í eigu



sveitarfélagsins, er hverfisverndaður og unnið hefur verið deiliskipulag. Eignarhald á öðrum hlutum skógarins er flóknara. Málinu var haldið vakandi á fyrri hluta árs 2013 án formlegra fundahalda.

4.2. Friðlýsingar í bið

<i>Landsvæði</i>	<i>Staða</i>
Austara Eylendið	Landeigendur hafa undirritað skjal gegn friðlýsingu. Fulltrúar sveitarfélags telja að verndargildi svæðisins hafi rýrnað vegna framræslu.
Álftanes – Akrar- Löngufjörur	Sveitarfélag hafnar viðræðum, gert ráð fyrir í aðalskipulagi að hluti landsins verði nýttur undir golfvöll.
Eldvörp-Hafnaberg	Er í virkjunarflokki skv. þingsályktunartillögu um vernd og orkunýtingu landsvæða.
Eyjófsstaðaskógur	Sveitarfélag telur eignarhald of flókið
Látraströnd-Náttfaravík	Sveitarstjórn bókaði, þann 14. júlí 2010, andstöðu sína við friðlýsingu.
Gerpissvæðið	Fór í bið um mitt ár 2011. Ekki hefur gefist tími til frekari vinnslu.
Geysir í Haukadal	Umhverfisstofnun lagði til að friðlýst yrði það svæði sem er í eigu ríkisins en sveitarstjórn hafnaði tillögunni á þeirri forsendu að vilji væri til að sjá heildarlausn fyrir framtíð svæðisins. Beðið niðurstöðu viðræðna ríkis og landeigenda. Sjá einnig umfjöllun í kafla 3.11.
Njarðvík – Loðmundarfjörður	Flókið eignarhald.
Orravatnsrústir	Svæði í biðflokki rammaáætlunar. Sveitarfélag mun ekki samþykkja friðlýsingu nema gert sé ráð fyrir lónstæði.
Snæfjallaströnd-Kaldalón	Ekki gefist tími til vinnslu.
Undirhlíðar í Nesjum – búsvæði tröllasmiðs	Ekki gefist tími til vinnslu.
Öxarfjörður	Ekki gefist tími til vinnslu.

5. Aðrar friðlýsingar í vinnslu

5.1. Fugla- og votlendisfriðland á Brunasandi

Árið 2013 var unnið að friðlýsingu landsvæðis innan marka jarðanna Hraunbóls (í einkaeigu) og Sléttabóls (í eigu ríkisins) sem fugla- og votlendisfriðlands. Land jarðanna er í óskiptri sameign, alls 58.420 ha. Viðræður um friðlandið hófust árið 2012. Á árinu 2013 voru viðræður á milli landeigenda og Umhverfisstofnunar um friðlýsingaskilmála og er sú vinna á lokastigum.

Gert er ráð fyrir að friðlandið nái yfir víðáttumikið votlendissvæði á sandi sem hefur ekki verið raskað með framræslu. Á svæðinu er vatnsstaða há og rennur vatn í lænum niður votlendið, hverfur í sandinn og kemur aftur upp neðar á svæðinu og myndar dýnamískt og sérstætt vistkerfi. Neðarlega í votlendu eru blautir flóar. Grös og starir eru ríkjandi í gróðurlendi og einnig er nokkuð um víði. Svæðið innan friðlands er alþjóðlega mikilvægt fuglaverndarsvæði (IBA). Þar er að finna margar mikilvægar fuglategundir, m.a. tegundir sem eru á valista. Þar á meðal er friðuð tegund skv. reglugerð nr. 456/1994.

5.2. Glerárdalur

Þann 15. janúar 2013 barst Umhverfisstofnun tillaga frá Akureyrarkaupstað um að hluti Glerárdals verði friðlýstur sem fólkvangur. Tillagan var lögð fram í kjölfar samþykktar opins hátíðarfundar bæjarstjórnar Akureyrar þann 29. ágúst 2012 í tilefni af 150 ára afmælisdegi Akureyrar, þar sem samþykkt var að stefnt skuli að því að hluti Glerárdals verði skilgreindur sem fólkvangur. Viðræður við sveitarfélagið um friðlýsingu Glerárdals hófust í maí sama ár og hefur málið verið í virkri vinnslu síðan, bæði með fundum og tölvupóstsamskiptum milli fulltrúa sveitarfélagsins og Umhverfisstofnunar.

Við vinnslu málsins hafa drög að mörkum fólkvangsins breyst nokkuð, en í upphafi var gert ráð fyrir að fyrirhuguð þriggja megawatta Glerárdalsvirkjun yrði innan marka fólkvangsins. Nokkrar umræður urðu um staðsetningu vatnsaflsvirkjunar í miðjum fólkvangi og voru uppi skiptar skoðanir um hversu heppilegt slíkt fyrirkomulag væri. Við lok árs 2013 lá hins vegar fyrir að mörk fólkvangsins voru færð þannig að öll mannvirki sem mögulega verða reist í tengslum við umrædda virkjun yrðu utan hins friðlýsta svæðis, en Akureyrarkaupstaður hyggst vernda svæðið, sem áður var hugsað innan marka fólkvangsins, með hverfisvernd.

Markmiðið með friðlýsingunni er að vernda Glerárdal og aðliggjandi fjalllendi til útivistar almennings, náttúruskoðunar og fræðslu. Friðlýsingin verndar einnig land sem er að mestu ósnortið með fjölbreyttum jarðmyndunum og gróðurfari og er þannig stuðlað að varðveislu líffræðilegrar- og jarðfræðilegrar fjölbreytni.

Í lok árs 2013 voru drög að friðlýsingarskilmálum og mörkum svæðisins lögð fyrir bæjarstjórn Akureyrarkaupstaðar sem samþykkti framlagðar tillögur þann 17. desember 2013. Gert er ráð fyrir að friðlýsingin verði tilbúin til undirritunar á fyrri hluta árs 2014.

5.3. Fuglafriðland í Flóa

Tillaga að stofnun fugla- og votlendisfriðlands kom í lok árs 2011 frá Rannsóknarsetri Háskóla Íslands á Suðurlandi og formanni Votlendisseturs Landbúnaðarháskóla Íslands á Hvanneyri. Svæðið er mikilvægt með tilliti til verndar og endurheimtar votlendis og sem búsvæði fugla. Svæðið tengist klasaverkefningu „Fuglar á Suðurlandi“ og þar með skipulagi sjálfbærrar náttúruferðaþjónustu í sveitarfélaginu Árborg.

Fljótlega eftir að vinna við undirbúning friðlýsingar hófst var ljóst að sveitarfélagið Árborg hafði áhuga á að vinna að friðlýsingu ríkisjarðarinnar Flóagaflsmýrar og hverfisverndaðs fuglafriðlands, sér í lagi eftir að sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneyti lýsti því yfir að það væri tilbúið að láta Flóagaflsmýri til friðlýsingar. Unnin voru drög að friðlýsingarskilmálum sem fengu umfjöllun í bæjarstjórn og stjórnarsýslu Árborgar á fyrri hluta ársins 2012. Þann 13. september 2012 samþykkti bæjarstjórn að stefna að friðlýsingu Flóagaflsmýrar og hverfisverndaða fuglafriðlandsins. Í þeim drögum kemur fram að um er að ræða jarðirnar Óseyrarnes, Flóagafli og Flóagaflsmýri. Óskað var eftir því að Umhverfisstofnun ynni með skipulagsstjóra Árborgar að því að ljúka gerð skilmála og korta. Sú vinna hefur tafist vegna deilna um landamerki milli sveitarfélagsins og einkaaðila.

Á árinu 2013 hefur Umhverfisstofnun haft samskipti við lögmann Árborgar sem fer með umboð sveitarfélagsins í viðræðum við landeigendur um kaup á þeim fimm prósentum af landinu sem er ekki í eigu sveitarfélagsins. Að mati lögmannsins eru viðræður við landeigendur langt á veg komnar og þess ekki langt að bíða að niðurstöður fáiast. Um leið og niðurstöður liggja fyrir mun Umhverfisstofnun hefja vinnu að nýju við undirbúning friðlýsingarinnar.

5.4. Hólar í Öxnadal

Með bréfi dags. 20. apríl 2013 óskaði landeigandi jarðarinnar Hóla í Öxnadal eftir því við umhverfis- og auðlindaráðuneyti að ráðherra ákveði friðun Hólahóla í landi jarðarinnar. Ráðuneytið óskað síðan eftir mati á verndargildi svæðisins með bréfi þann 16. maí 2013. Fulltrúi ráðuneytisins vann gróf drög að friðlýsingarskilmálum fyrir fyrirhugað friðland sem bærust Umhverfisstofnun þann 7. ágúst 2013.

Umhverfisstofnun tók við undirbúningi að friðlýsingu hluta jarðarinnar Hóla um miðjan ágústmánuð 2013. Stofnaður var samstarfshópur sem í áttu sæti fulltrúar stofnunarinnar, landeiganda og sveitarfélagsins Hörgársveitar. Við undirbúning friðlýsingarinnar kom í ljós að nokkuð bar á milli.

Mikil samskipti hafa verið milli hlutaðeigandi aðila síðan og hafa sveitarstjórn og skipulags- og umhverfisnefnd fjallað um fyrirhugaða friðlýsingu og skilmála.

Við lok árs 2013 er vonast til þess að samkomulag náist um þau málefni sem verið hafa til umræðu og að svæðið verði friðlýst á árinu 2014.

5.5. Fólkvangur að Bringum, Mosfellsbæ

Í nóvember 2013 barst Umhverfisstofnun erindi Mosfellsbæjar um friðlýsingu Helgufoss í Mosfellsbæ í tilefni af 25 ára afmæli bæjarins.

Fulltrúi Umhverfisstofnunar fór í vettvangsferð um svæðið ásamt fulltrúa Mosfellsbæjar og fleirum þar sem rædd voru möguleg mörk svæðisins.

Í fyrstu var áhugi fyrir friðlýsingu Helgufoss sem náttúruvættis, en að mati fulltrúa Mosfellsbæjar er eignarhald þess svæðis fremur flókið og því er nú meiri áhugi fyrir því að friðlýsa hluta eyðjarðarinnar Bringna sem fólkvang.

Fulltrúar Mosfellsbæjar hafa lagt fram drög að friðlýsingarskilmálum. Vegna anna hjá starfsmönnum Umhverfisstofnunar hefur vinna við friðlýsinguna tafist en gert er ráð fyrir að henni muni ljúka á árinu 2014.

5.6. Búrfell, Búrfellsgjá og eystri hluti Selgjár í Garðabæ

Friðlýsing Búrfells, Búrfellsgjár og eystri hluta Selgjár í Garðabæ sem náttúruvættis hefur verið nokkuð lengi í undirbúningi. Í staðfestu aðalskipulagi Garðabæjar 2004-2016 er gert ráð fyrir að friðlýsa eldstöðina Búrfell og það sem eftir er af hraunum hennar innan marka Garðabæjar. Vinna við verkefnið hófst árið 2009 en fór af stað fyrir alvöru í upphafi árs 2012 eftir fund sem fulltrúar Umhverfisstofnunar og umhverfis- og auðlindaráðuneytis áttu með skipulagsstjóra og umhverfisstjóra Garðabæjar. Bæjarfélagið og Landmælingar Íslands unnu saman að kortagerð en Umhverfisstofnun og umhverfis- og auðlindaráðuneyti unnu að gerð friðlýsingarskilmála. Tillaga um friðlýsingu var auglýst þann 6. október 2012. Á auglýsingatíma barst athugasemd frá fjármála- og efnahagsráðuneyti þar sem bent var á að ágreiningur væri uppi um eignarhald á svokölluðu Garðakirkjulandi, en ráðuneytið taldi að um væri að ræða land sem er að mestu í eigu ríkisins, en Garðabær gerði einnig tilkall til landsins sem bærinn taldi sig hafa keypt af landbúnaðarráðuneyti árið 1993.

Vegna þessara athugasemda varð nokkurt hlé á friðlýsingarviðræðum en árið 2013 leituðu fulltrúar Garðabæjar til Umhverfisstofnunar vegna áframhaldandi vinnu. Nokkru síðar fór bæjarstjóri Garðabæjar á fund fjármála- og efnahagsráðherra þar sem óskað var eftir því að ráðuneytið, sem landeigandi, samþykkti friðlýsingu svæðisins. Ekki höfðu borist svör ráðherra fyrir árslok 2013.

5.7. Garðahraun, Vífilsstaðahraun og Maríuhellar í Garðabæ.

Undirbúningur fyrir friðlýsingu Garðahrauns, Vífilsstaðahrauns og Maríuhella sem fólkvangs var unnin samhliða undirbúningi að friðlýsingu Búrfells, Búrfellsgjár og eystri hluta Selgjár. Undirbúningur þeirrar friðlýsingar var einnig kominn á lokastig þegar athugasemdir fjármála- og efnahagsráðuneytis bárust. Í athugasemdunum kom fram að Vífilsstaðahraun og landið í kring væri nánast allt í eigu ríkisins en að yfir stæðu samningaviðræður milli ríkis og Garðabæjar um kaup hins síðarnefnda á Vífilsstaðahrauni sem er í eigu ríkisins. Undirbúningur fyrir friðlýsinguna fór í bið en verður haldið áfram samhliða undirbúningi Búrfells, Búrfellsgjár og eystri hluta Selgjár.

6. Lokaorð

Um áramótin rann náttúruverndaráætlun 2009-2013 sitt skeið á enda. Í lok árs 2013 höfðu verið friðlýst þrjú svæði af þeim 15 sem náttúruverndaráætlun 2004-2008 tók til og það fjórða að hluta. Á náttúruverndaráætlun 2009-2013 voru tiltekin ellefu svæði auk tegundafriðlýsinga. Af þessum ellefu svæðum sem tiltekin eru hafa þrjú verið friðlýst. Á heildina litið hafa því sex svæði verið friðlýst af þeim 26 svæðum sem tilgreind hafa verið á náttúruverndaráætlun og það sjöunda að hluta.

Umhverfisstofnun hefur áður fjallað um þær forsendur sem lagðar eru til grundvallar þess að svæði séu skráð á náttúruverndaráætlun. Grunnforsenda fyrir því að friðlýsingaferli gangi vel er að áhugi sé fyrir verkefninu hjá landeigendum og sveitarfélögum og að gott samstarf takist. Brýnt er að auka samstarf og samráð við þessa aðila á frumstigi málsins, þ.e. í áætlanagerðinni sjálfri, einkum þannig að sveitarfélögum og nærsamfélaginu sé falið meira frumkvæði í tilnefningu svæða til friðlýsingar, án þess þó að metnaðarfull áform í náttúruvernd séu gefin eftir.

Árangur í friðlýsingum svæða á náttúruverndaráætlun hefur ekki verið sem skyldi og er því mikilvægt að rýna vel í aðferðafræðina. Umhverfisstofnun telur rétt að taka til skoðunar að snúa aðferðinni við þannig að þegar forsendur nauðsynlegrar verndunar hafa verið skilgreindar vel verði óskað eftir tillögum skipulagsyfirvalda um svæði sem uppfylla þær forsendur inn á náttúruverndaráætlun. Afar brýnt er jafnframt, að mati stofnunarinnar, að gera ráð fyrir hæfilegu fjármagni til stjórnunar og rekstrar friðlýstra svæða og gera fjárhagsáætlanir til nokkurra ára í senn. Sýna þarf fram á það á sannfærandi hátt að friðlýsing feli í sér raunverulega vernd og tækifæri fyrir nærsamfélagið jafnt og samfélagið í heild.

Á vinnslutíma náttúruverndaráætlunar hafa Umhverfisstofnun borist ýmsar góðar tillögur frá sveitarfélögum og einstaklingum um friðlýsingar. Ýmsar slíkar tillögur hafa tengst markmiðum náttúruverndaráætlunar. Má sem dæmi nefna Viðey í Þjórsá sem friðlýst var vegna sérstæðs lífríkis, stækkun búsvæðis fugla í Andakíl og fuglasvæði sem nú eru til skoðunar á Brunasandi og í Flóa. Af þessu má sjá að töluverður áhugi er á friðun lykilsvæða víða um land. Mikill metnaður er í friðlýsingarmálum bæði á Austfjörðum og Vestfjörðum. Þær athugasemdir sem fulltrúar sveitarfélaga láta Umhverfisstofnun í té eru uppbyggilegar og hagnýtar til leiðsagnar fyrir framtíðina að mati stofnunarinnar. Í stuttu máli má draga þær saman í tvö aðalatriði: að treysta fjárhagslega rekstur/innviði friðlýstra svæða og auka aðkomu nærsamfélagsins að stjórnun þeirra.

Hvað varðar friðlýsingar á grundvelli verndar og orkunýtingaráætlunar hefur verið unnin mjög mikilvæg undirbúningsvinna á árinu, þó ekki hafi tekist að undirrita neina friðlýsingu enn sem komið er. Mikinn lærdóm má draga af þessu fyrsta ári verndarflokks rammáætlunar, m.a. þann að þeir virkjanakostir sem metnir voru í öðrum áfanga rammaáætlunar eru misvel skilgreindir og að ekki kemur fram tillaga að mörkum fyrirhugaðra friðlýsinga í þingsályktuninni sjálfri. Átti sér því stað töluverð umræða um afmörkun svæða.



Fjármagn til friðlýsinga landsvæða sem flokkuð voru í verndarflokk var skorið niður fyrir árið 2014. Flest verkefni hafa því verið sett í bið um sinn. Umhverfisstofnun bendir á að mikinn hluta þeirrar vinnu sem þegar hefur verið unnin í samráði og kynningu þurfi að endurtaka ef sú bið verður löng.

Náttúruverndaráætlun og áætlun um vernd og orkunýtingu landssvæða eru hvort tveggja ný stjórnþæki í sögulegu samhengi. Ekki kemur því á óvart að slípa þurfi aðferðirnar til og þróa frekar. Ákvarðanir sem þessar eru samfélagslegt verkefni þótt markmiðið byggi á náttúruvísindalegum grunni.

Á hverju ári eru veittar viðurkenningar fyrir árangur í uppgræðslu lands. Sambærilegar viðurkenningar mætti hugsanlega veita fyrir árangur í endurheimt votlendis og fleiri verndunaraðgerðum. Eins mætti huga að hagrænum hvötum í þessu skyni. Þannig mætti fjölga jákvæðum aðgerðum sem hvetja til sjálfbærrar landnotkunar og verndunar.

Mikilvægt er að vanda vinnulag við friðlýsingar, ekki síst til þess að leggja grunn að stjórnun svæðanna síðar meir. Góð tillaga barst á sínum tíma frá Garðabæ um að auglýsa fyrirhugaðar friðlýsingar og gefa þannig almenningi og þeim hagsmunaaðilum sem ekki hafa þegar borist upplýsingar um kost á að koma að athugasemdum. Þessi háttur hefur verið árangursríkur að mati stofnunarinnar þrátt fyrir að ekki sé kveðið á um slíka kynningu í lögum.

Friðlýsing er langtímaverkefni og þess vegna telur Umhverfisstofnun að gera þurfi áætlanir um friðlýsingar til lengri tíma en gert hefur verið til þessa. Um er að ræða áætlun um landnotkun og er því umhugsunarefni hvers vegna áætlunartíminn er til muna styttri en aðalskipulagsáætlanir sveitarfélaga bæði hvað varðar náttúruverndaráætlun og áætlun um vernd og orkunýtingu landssvæða.